

**Nd.** **71. Frumvarp til laga** [65. mál]

um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Steinþór Gestsson, Matthías Bjarnason, Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal.

1. gr.

2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. laganna falli niður.

2. gr.

2. mgr. 1. tl. 31. gr. laganna falli brott.

3. gr.

59. gr. laganna ásamt fyrirsögn falli brott.

4. gr.

3. másl. 1. mgr. 91. gr. laganna orðist svo:

Skýrslu þeirra, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, en ekki eru bókhaldsskyldir samkvæmt ákvæðum bókhaldslaga, skal fylgja rekstrarreikningur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Með því að þeir, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, hafa við álagningu 1980 hlotið hækkaðan skatt vegna ákvæða 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. og 59. gr. skal sú hækkun felld niður.

Jafnframt skal skattstjóri leiðrétta aðrar tilfærslur, sem gerðar voru vegna þeirra ákvæða, sem felld eru úr gildi með lögum þessum.

### Greinargerð.

Þegar skattalögin voru til meðferðar á Alþingi á s. l. vetri stóðu flm. þessa frv. að flutningi breytingartillögu sem gekk í þá átt að nema úr lögum skyldu skattstjóra til að ákvarða laun tiltekinna þjóðfélags hópa, og setja þeim skatt í samræmi við það.

Sú tillaga var þá felld í Nd. með nokkrum atkvæðamun, enda sátu þá margir alþm. hjá við atkvæðagreiðsluna og nokkrir voru fjarverandi þegar tillagan kom til afgreiðslu. Þá er ástæða til að minna á, að áður en Alþingi kom saman til fundar höfðu 2000 bændur sent frá sér áskorun um að leiðrétting fengist á skattalögunum að þessu leyti. Má því vænta þess, að önnur niðurstaða fái nú, þegar að nýju verður reynt á afstöðu alþm., þar sem reynslan hefur sýnt það berlega við skattlagninguna á liðnu sumri, hversu þau ákvæði laganna eru fráleit, sem gert er ráð fyrir að fella niður með því frv. sem hér er borið fram.

### Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

#### Um 1. gr.

1. gr. frv. gerir ráð fyrir því, að úr gildi verði fellt það afmarkaða ákvæði að þeir menn, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skuli skyldugir til að telja sér til tekna eigi lægri laun en þeir hefðu þegið fyrir starf sitt frá óskyldum eða ótengdum aðila. Það er fráleitt að mati flm. að gera mönnum að telja sér tekjur sem aldrei hafa orðið til, enda ekki mögulegt að greiða tekjuskatt nema af raunverulegum tekjum. Og það verður að telja ranga stefnu að ákvarða mönnum ákveðna vinnuskyldu, eins og þetta ákvæði skattalaganna leiðir til í reynd verði það ekki fellt niður.

#### Um 2. gr.

2. gr. frv. miðar að hinu sama og 1. gr. þess, verður þó að fylgja eftir til þess að taka af öll tvímæli um afnám þeirrar skyldu manna til að telja sér til skatts tekjur, sem þeir hafa ekki haft, en nú er í lögum.

#### Um 3. gr.

3. gr. frv. felur í sér ógildingu 59. gr. laganna, en í henni eru fyrirmæli til skattstjóra um að honum beri skylda til að ákvarða manni, sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, tekjur af starfinu. Með því að leggja til að fella 59. gr. úr gildi er sú skoðun flutningsmanna viðurkennd, að tekjur séu ekki slíks eðlis að hægt sé að hugsa sér að þær hafi orðið til, heldur séu þær raunveruleg stærð og skattlagning á tekjur við það miðuð og annað ekki.

#### Um 4. gr.

4. gr. frv. felur í sér þá breytingu eina, að þeir einstaklingar, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og ekki eru bókhaldsskyldir, þurfi ekki að láta efnahagsreikning (höfuðstólsreikning) fylgja skattskýrslu sinni til skattstjóra, heldur aðeins rekstrarreikning.

### Um ákvæði til bráðabirgða.

Með þessu ákvæði er felldur niður sá skattauki, sem við álagningu 1980 leiddi af ákvæðum þeim í 7. gr. og 59. gr., sem felld eru úr gildi við samþykkt þessa frumvarps.